

Mánudaginn 23. júní 1958.

Nr. 87/1958. **Guðmundur Tryggvason**

gegn

**Jarðkaupasjóði ríkisins og fjármálaráðherra
f. h. ríkissjóðs.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Gallar á málatilbúnaði. Frávisun frá héraðsdómi. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 19. maí þ. á., sem barst Hæstarétti 13. þ. m., hefur sóknaraðili skotið til dómsins frávisunardómi þeim, sem upp var kveðinn í máli aðilja 16. f. m. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja in solidum, þar á meðal launa til talsmanns síns, en sóknaraðilja hefur verið veitt gjafsókn í málinu.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Samkvæmt rökum þeim, er greinir í hinum kærða dómi, og þar sem sóknaraðili hefur ekki haft uppi dómkröfu ákveðinnar fjárhæðar í þessum þætti málsins, ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir atvikum er rétt að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðiljum kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 800.00.

Laun talsmanns sóknaraðilja hér fyrir dómi, kr. 800,00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Guðmundur Tryggvason, greiði varnaraðiljum, Jarðkaupasjóði ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kr. 800.00 í kærumálskostnað.

Laun talsmanns sóknaraðilja, Sigurður Ólasonar

hæstaréttarlögmanns, kr. 800.00, gíeiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. maí 1958.

Mál þetta, sem var dómtekið 11. f. m., hefur Guðmundur Tryggvason, bóndi í Kollafirði, Kjalarnesshreppi, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 4. febrúar 1955, gegn landbúnaðarráðherra f. h. Jarðakaupasjóðs ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Stefnanda var veitt gjafsókn hinn 22. jan. 1953 í öðru máli af sama tilefni og með bréfi, dagsettu 3. desember 1955, hefur dómsmálaráðuneytið staðfest, að það gjafsóknarleyfi nái einnig til þessa máls.

Stefnukrafan var sú, að stefndu yrðu in solidum dæmdir til að greiða skaðabætur að fjárhæð kr. 900.000.00 eða aðra fjárhæð að mati dómsins auk 6% ársvaxta frá 7. september 1949 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Málinu var skipt þannig, að málflutningur fór fram um bótaskyldu stefndu. Kröfur stefnanda í þeim þætti málsins voru sem hér segir: Aðallega, að stefndu yrðu in solidum dæmdir skyldir til að greiða stefnanda hæfilegar bætur fyrir jarðhita þann og námuréttindi, sem haldið var undan við afsalsgerð 7. september 1949, er stefnanda var seld jörðin Kollafjörður í Kjalarneshreppi, en til vara, að stefndi Jarðakaupasjóður yrði dæmdur skyldur til að greiða ofangreindar bætur að rétttri tiltölu við það, sem hin undanskildu verðmæti teldust mikill hluti heildarverðmætis jarðarinnar á fyrrgreindum afsalsdegi. Einnig krafðist stefnandi málskostnaðar.

Í stefnunni sagði ennfremur svo: „Verður þess a.m.k. krafizt til ýtrustu vara, að sjóðurinn endurgreiði hluta kaupverðsins að tiltölu við það, sem hin undanskildu verðmæti metast mikill hluti heildarverðmætis jarðarinnar“. Krafa þessi, sem þannig var boðuð í stefnu, var ekki sett fram með ákveðnara orðalagi í greinargerð stefndanda og kom yfirleitt ekki frekar til úrlausnar á bæjarþinginu vegna skiptingar sakar, sem fyrr greindi.

Dómur bæjarþingsins um bótaskyldu stefndu var upp kveðinn 4. júlí 1956 og voru stefndu báðir sýknaðir af kröfum stefnanda, sem áfrýjaði málinu til Hæstaréttar. Bar hann þar fram sömu aðalkröfuna sem í héraði, en í stað varakröfunnar í héraði bar hann fram sem varakröfu í Hæstarétti endurgreiðslukröfu þá, sem hann hafði boðað í stefnu, en ekki lagt undir dóm bæjar-

þingsins. Var henni því vísað frá Hæstarétti, en stefndu sýknaðir af aðalkröfunni. Að ósk stefnanda hefur málið nú verið tekið upp til meðferðar nefndrar kröfu.

Í þessum þætti málsins krefst stefnandi þess, að stefndi Jarðakaupasjóður verði dæmdur til að endurgreiða hluta kaupverðsins að rétttri tiltölu við það, sem hin undanskildu verðmæti teljast mikill hluti heildarverðmætis jarðarinnar á afsalsdegi. Einnig er krafizt málskostnaðar úr hendi stefnda og málssóknarlauna.

Af hálfu stefnda var krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að með afsali, dagsettu 26. apríl 1940, seldi tengdafaðir stefnanda, Kolbeinn heitinn Högnason, Jarðakaupasjóði ríkisins eignar- og ábýlisjörð sína, Kollafjörð á Kjalarnesi, og tók hana síðan á erfðaleigu samkvæmt áskilnaði í afsalinu og gerði hana að erfðaleigu- og ættarjörð samkvæmt ákvæðum laga nr. 8/1936. Söluverð jarðarinnar var fasteignamatsverð hennar og í afsalinu áskildi seljandi sér endurkaupsrétt samkvæmt ákvæðum 27. gr. nefndra laga.

Stefnandi skýrir svo frá, að löngu fyrir 1949 hafi verið ákveðið að neyta endurkaupsréttarins, en ekki hafi verið gerð að því gangskör fyrr en á því ári. Þáverandi ráðherra hafi samþykkt söluna, og gengið var frá afsali 7. september 1949. Í afsalinu til stefnanda var svo ákveðið, að námur og námaréttindi í landi jarðarinnar og sömuleiðis vatns- og jarðhitaréttindi um heimilisþarfir fram væru undanskilin sölunni. Segir stefnandi, að þessum ákvæðum hafi verið mótmælt af sinni hálfu, en það varð að samkomulagi að ganga á þennan hátt frá afsali, en athuga atriði þessi nánar síðar. Stefnandi undirritaði afsalið með fyrirvara, að því er varðar hitaréttindi. Er ekki tókust samningar um breytingu skilmála þessara, höfðaði stefnandi mál á bæjarþinginu gegn Jarðakaupasjóði til ógildingar nefndra ákvæða afsalsins, en kröfum hans var hrundið með bæjarþingsdómi, uppkveðnum 24. júlí 1953, og var sá dómur staðfestur í hæstaréttardómi, uppkveðnum 10. nóvember 1954. Í framhaldi þeirra málaferla hefur stefnandi höfðað mál þetta til heimtu skaðabóta aðallega, en þegar var lýst því, að stefndu hafa verið sýknaðir af bótakröfunum.

Krafa stefnanda sú, sem nú er til úrlausnar, virðist á því byggð, að hann keypti jörðina á fasteignamatsverði, án þess að henni fylgdu jarðhitaréttindi þau, sem talin eru til verðmæta hennar í fasteignamatinu. Þess hefur þegar verið getið, hversu óákveðin krafa þessi var í upphafi málssóknarinnar og síðan hef-

ur stefnandi eigi aflað neinna gagna til stuðnings henni eða skýringa á henni né heldur leitast við að ákveða fjárhæð hennar. Þykir krafan því svo mjög vanreifuð af hálfu stefnanda, að eigi verður komiðt hjá að vísa henni sjálfkrafa frá dómi, en þar eð hún virðist hafa verið mjög lítill hluti málsins í heild, þykir málskostnaður mega falla niður. Eftir þessum málalokum þykja ekki efni til að dæma hinum skipaða talsmanni stefnanda málssóknarlaun.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn. Dómsuppsaga hefur dregið nokkuð lengi vegna annríkis við önnur dómstörf.

Dómsorð:

Framangreindri kröfu er vísað frá dómi sjálfkrafa.
Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 23. júní 1958.

Nr. 88/1958. **Stefán Sigurðsson**
gegn
Stjórn Lífeyrissjóðs barnakennara
og ekkna þeirra.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Um dómhæfi kröfu. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. maí 1958, sem hingað barst 16. júní s. á. Krefst hann þess, að hinn kærði frávisunardómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að dæma málið að efni til.

Varnaraðili tekur undir kröfu sóknaraðilja um þenna þátt málsins.

Aðiljar hafa eigi gert kröfur um kærumálskostnað.

Það skiptir sóknaraðilja miklu að fá þegar dómsúrlausn um, hver sé réttur hans á hendur varnaraðilja og hver séu skilyrði þess réttar. Ber því að leggja nú dóm á efniskröfur sókn-